



6. bekkur - námsgrein: SAMFÉLAGSFRÆÐI - kennari: Erlingur Sigvaldason og Lára Dís Richarðs - tímafjöldi: 2

Námsgögn: Snorra saga eftir Þórarin Eldjárn og Norðurlönd eftir Kristínu Snæland. Einnig verður námsefni frá kennara og notast verður við google classroom.

Lykilhæfni:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun*. Sjá nánar í skólanámskrá Landakotsskóla.

Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár.

Í Landakotsskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Í megindráttum er endurgjöf og námsmat til nemenda með tvenns konar hætti:

- *í formi óformlegs námsmats í gegnum samtal, hvatningu og leiðsögn í kennslustundum sem byggt er á skýrum markmiðum sem eru nemendum ljós.*



- með formlegri hætti með ólíkum verkefnum sem nemandi vinnur ýmist í skólanum eða sem heimaverkefni. Nemendur sýna hæfni sína með ritgerðum, kynningum, munnlegum, verklegum eða skriflegum prófum, leikþáttum, stuttmyndum, framsöguverkefnum myndverkum eða dansverkum þar sem styrkleikar nemenda geta notið sín. Í þessum verkefnum fá nemendur formlegri endurgjöf sem getur verið í formi einkunnarorða, bókstafa, prósentutölu, stigagjafar eða umsagnar. Nemendur vinna einnig sjálfsmat og jafningjamat með sambærilegum hætti. Námsmatið er grundvallað á þeim hæfniviðmiðum sem unnir er með hverju sinni.

Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem náms- og kennsluaðferðir og námsmat byggjast á.

- Hæfniviðmiðin skýra fyrir nemendum til hvers er ætlast af þeim og leiðbeina við námið, hvetja og auka skilning á tilgangi námsins.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að gera sér skýra grein fyrir því hvað það er sem þeir vilja að nemendur nái tökum á varðandi þekkingu og leikni.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að velja hentugar kennsluaðferðir og skilgreina hvernig meta skuli árangur og hvort tiltekinni hæfni sé náð.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Náms-og kennsluaðferðir	Námsmat
Í lotunni kynnumst við ævi Snorra Sturlusonar (1179-1241). Með því að færa sögulegar heimildir í búning skáldsögunnar er nemendum opnuð sýn inn í líf þessa miðaldarhöfðingja og samtímamanna hans. Farið er yfir mikinn umbrotatíma í sögu Íslands (seinni hluta Þjóðveldisaldar) og rakið hvernig landið komst undir stjórn Noregskonungs.	<ul style="list-style-type: none"> • lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti, • dregið upp mynd af afmörkuðum efnisþáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar, • greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum, • sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum, tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu,	Nemendur vinna verkefni líkt og ritanir, orðaskilgreiningar, myndasögur, lesskilningsverkefni og stuttmyndaverkefni. Einnig vinna nemendur í hefti þar sem þeir svara spurningum og vinna með lýsingarorð, nafnorð og sagnorð úr textanum. <ul style="list-style-type: none"> • Samvinnunám • Bekkjarkennsla • Leiðsagnarnám • Símat 	



<p>Trúarbrögð: Búddha, íslam, hindúatrú, kristintrú og gyðingdómur</p>	<ul style="list-style-type: none"> • lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu, • lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund, • áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast, • gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum, • vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt, • lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun, • tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti, • metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra, • gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess, • sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum, <p>sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni</p>	<p>Unnið verður með Gyðingdóm, Búddhatrú, Íslam, Kristni og Hindúatrú á margvíslegan hátt.</p> <p>Nemendur semja Kahoot spurningakeppnir og krossgátur, taka upp fræðsluþætti, svara spurningum og gera veggspjöld.</p> <p>Hópvavinna er grunnur þessa námsþáttar.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Samvinnunám • Bekkjarkennsla • Leiðsagnarnám • Símat 	
	<ul style="list-style-type: none"> • skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú, • greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum, • lýst margbreytileika helstu trúarbragða og 		



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2023-2024

	<p>lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks,</p> <ul style="list-style-type: none"> • rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs, • gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims, • borið saman valin trúar- og lífsviðhorf, <p>nefnt dæmi um áhrif helgiritra helstu trúarbragða á menningu og samfélög,</p>		

ANNARÁÆTLUN

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Dagsetning mats	Annað
22. ágúst – 15. nóvember	Í lotunni kynnumst við ævi Snorra Sturlusonar (1179-1241). Með því að færa sögulegar heimildir í búning	<ul style="list-style-type: none"> • Snorra saga lesbók. • Lesefni tengt Snorra Sturlusyni og öðru frá miðöldum. 	Lok annar	



	skáldsögunnar er nemendum opnuð sýn inn í líf þessa miðaldarhöfðingja og samtímamanna hans. Farið er yfir mikinn umbrotatíma í sögu Íslands (seinni hluta Þjóðveldisaldar) og rakið hvernig landið komst undir stjórn Noregskonungs.	<ul style="list-style-type: none">• Lesefni á netinu.		
15. nóvember – 18. desember	Trúarbrögð: Búddha, íslam, hindúatrú, kristin trú og gyðingdómur	<ul style="list-style-type: none">• Búddha - Leiðin til nirvana.• Íslam - Að lúta vilja guðs.• Hindúatrú - Guð í mörgum myndum.• Kristin trú - Fagnaðarerindið.• Gyðingdómur - Sáttmáli Þjóðar <p>Ásamt þeim vinna nemendur með áreiðanlegar heimildir af netinu og í bókum af bókasafninu.</p>	Lok annar	



Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati.